

LAXÁ Á ÁSUM 1987

Tumi Tómasson

└ Hólum, maí 1988

VMST-N/88013X┐



VEIÐIMÁLASTOFNUN - NORÐURLANDSDEILD
Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

LAXÁ Á ÁSUM 1987

INNANGUR

Dagana 28. og 29. maí var gerð athugun á seiðastofnum í neðri hluta Laxár. Athugunin var með svipuðu sniði og undanfarandi ár og veitt á sömu stöðum (Mynd 1). Síðla í ágúst var aftur rafveitt. Þá var veitt í Fremri Laxá og einnig á sex stöðum í Neðri Laxá. Í neðri ánni voru veiðistaðirnir litlir og lauslega veitt, enda helsti tilgangur veiðanna að athuga hvort nýliðun seiðastofnsins væri eðlileg. Þetta var athugað sérstaklega vegna verulegrar klakfiskatöku haustið áður.

NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöður rafveiðanna eru teknar saman í Töflum 1 og 2 og á Myndum 2-4. Þegar rafveitt var í maí var óvenju mikið vatn í ánni og erfitt að athafna sig í henni. Þetta olli því að veiðanleiki seiðanna var ekki eins góður og vant er. Veiðitölur eru því mun lægri en á undanförnum árum, einkum fyrir elstu (stærstu) seiðin, en þau halda sig þar sem straumurinn er mestur.

Vöxtur seiða er mjög svipaður því sem verið hefur, og er almennt góður. Að vanda vaxa seiðin við útfall Laxárvatns (staður 4) og fyrir neðan útfall rafveituskurðarins (staður 7) best. Í rafveituskurðinum sjálfum fengust mjög fá seiði þessu sinni.

Vorið 1986 bar þar langmest á 1+ seiðum, og vorið þar á undan fundust þar einnig eldri seiði í nokkrum mæli (Tumi Tómasson 1985 og 1986). Seiðaframleiðsla í skurðinum hefur því greinilega dregist verulega saman, og er líklegt að það megi rekja til breytinga í rekstri virkjunarinnar. Þarna er um nokkuð svæði að ræða, og því hagsmunamál að bæta þar uppeldisskilyrði fremur en að rýra þau.

Í rafveiðunum um haustið kom fram að nýliðun laxastofnsins er með eðlilegum hætti. Vorgömul seiði fundust allstaðar þar sem athugað var, og fjöldi þeirra var allstaðar nægilegur til að nýta uppeldisskilyrði árinna.

Það var áberandi í veiðunum hve seiði sem höfðu verið um 9 cm lengd voru vel á sig komin og í tiltölulega mun betri holdum en smærri seiðin sem voru víða fremur rýr. Þetta bendir til að samkeppnisstaða stærri seiða í Laxá sé tiltölulega góð og það dregur úr áhrifum þéttleika smáseiða (0+,1+) á gönguseiðaframleiðslu árinna.

Í fremri ánni heldur þróun síðustu ára áfram. Laxinn er enn að styrkja stöðu sína í ánni, er orðinn ríkjandi tegund á stað 2 og vinnur á á stað 3. Efst í Laxá, við útfall Svínavatns ætti að öllu eðlilegu að vera bestu uppeldisskilyrðin í Fremri Laxá. Þar veiddust hinsvegar einungis eitt laxaseiði og eitt bleikjuseiði. Skordýralíf (einkum bitmý) í ánni er einnig mjög fátæklegt miðað við sambærilega staði í öðrum ám. Áin þornar og/eða botnfrýs þarna einhvern tíma ársins. Það er mjög mikils um vert að gerðar verði ráðstafanir til að tryggja að þarna sé eitthvert lágmarksrennsli allan ársins hring. Laxaseiðin þurfa að dvelja í ánni í um þrjú ár, og nokkurra mínútna vatnsleysi á þessum tíma er nóg til að gera útaf við þau.

Nýliðun laxaseiða í Fremri Laxá er að öðru leiti eðlileg og vaxandi, og ekki þörf á að flytja hrygningarlax frameftir, eins og gert var 1985. Með auknu uppeldi laxaseiða í ánni fylgir að seiðastofninn í ánni mun að líkindum minnka verulega, en aukin laxgengd ætti að fylgja í kjölfarið.

ÁLYKTANIR

Seiðaframleiðsla Laxár virðist með svipuðu móti og undanfarandi ár. Stofninn þolir vel þá aukningu í veiðiálagi sem klakfiskatakan hefur í för með sér. Gera má ráð fyrir að markaður fyrir villtan klakfisk fari minnkandi og verði jafnvel nánast úr sögunni innan skamms.tíma. Því ættu menn að huga að öðrum leiðum til að auka veiðiálag og þar með verðmæti árinna. Veiðistaðagerð og fjölgun stanga á efsta svæðinu eru aðgerðir sem veiðifélagið er að skoða. Vonandi verður löggjöfin einnig rýmkuð þannig að hægt sé að lengja veiðitímann þegar ástæða þykir til.

Rekstur raforkuvers í Laxá hefur mikil áhrif á lífríki árinna. Sumir þættir rekstursins styrkja án efa laxastofn árinna, en eins og getið er um hér að framan hafa aðrir þættir mjög neikvæð áhrif á viðgang laxastofnsins. Veiðifélagið ætti að beita sér fyrir því að þetta verði lagfært.

HEIMILDIR

Tumi Tómasson 1986. Athugun á Laxá á Ásum 1985. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-N/87003X 10 bls.


1987. Laxá á Ásum 1986. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-N/87005X 7 bls.

Tafla 1. Fjöldi veiddra laxaseiða eftir aldri og veiðistað í Laxá í Ásum 28-29/5 1987. Staðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1).

Staður nr	Stærð m	fjöldi veiddra seiða á 100 m ² .		
		1+	2+	3+/4+
4	40x15	3.0	6.3	0.3
5	30x15	8.2	6.2	3.8
6	25x10	3.2	13.6	1.2
7	60x8	3.5	2.9	1.7
8	50x1	8.0	2.0	2.0
9	50x5	9.6	2.4	1.2
10	30x6	7.2	1.7	-
11	20x25	4.6	3.8	2.6
12	40x8	6.6	1.9	0.6

Tafla 2. Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m² eftir aldri og veiðistað í Fremri Laxá 23/8 1987.

Staður nr	Stærð m	Lax			Urriði		
		0+	1+	2+	0+	1+	2+
1	50x15	-	0.1	-	-	-	-
2	27x10	5.6	13.0	4.4	4.1	1.1	-
3	26x11	4.9	5.2	-	19.2	8.4	0.7




MYND 1. Rafveiðistaðir í Laxá á Ásum.

28. og 29. 5. 1987

Lax


Laxá á Ásum

Fjöldi




Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Laxá á Ásum 28. og 29. maí 1987. Veiðistaðirnir eru merktir inná kort (Mynd 1).

Fjölai



Lengd í cm

Mynd 3. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Laxá á Ásum 23. og 24. ágúst 1987. Veiðistaðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1).



Mynd 4. Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Laxá á Ásum 23. ágúst 1987. Veiðistaðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1).